

## Svar

### mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni fjölda starfsmanna sem vinna við gerð lagafrumvarpa.

1. *Hversu margir starfsmenn, skipt niður á störf lögfræðinga og annarra, vinna að undirbúningi, samningu, yfirlestri og frágangi lagafrumvarpa í ráðuneytinu? Þess er óskað að tilgreint verði starfshlutfall við verkefnið ef ekki er um fullt starf að ræða.*

Í mennta- og menningarmálaráðuneyti skiptist undirbúningur lagafrumvarpa á milli sérfræðinga sem starfa á fagskrifstofum ráðuneytisins, þ.e. skrifstofu menningarmála og skrifstofu mennta- og vísindamála, og lögfræðinga sem starfa á skrifstofu laga- og stjórn-sýslu. Í nokkrum tilvikum byggist undirbúningur lagafrumvarpa á tillögum ráðherraskipaðra nefnda sem hefur verið falið að endurskoða löggjöf eða undirbúa nýja löggjöf á tilteknu málefna-sviði. Telja má að undirbúningur lagafrumvarpa samsvari u.þ.b. hálfu stöðugildi sérfræðings á hvorri fagskrifstofu ráðuneytisins um sig, þ.e. samanlagt eitt stöðugildi sérfræðings.

Á skrifstofu laga og stjórn-sýslu starfa þrjú lögfræðingar, auk sérfræðings í fjölmiðlamálum og nemur samanlagt vinnuframlag þeirra að undirbúningi þingmála u.þ.b. tveimur stöðugildum.

Ritari á skrifstofu laga og stjórn-sýslu kemur að undirbúningi þingmála með samskiptum við fjármála- og efnahagsráðuneyti og forsætisráðuneyti vegna yfirlesturs þingmála, auk undirbúnings mála fyrir ríkisráðsfundi og samskipta við skrifstofu forseta Alþingis við fram-lagningu þingmála og prentunar frumvarpa til útbýtingar á Alþingi.

Á skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar í mennta- og menningarmálaráðuneyti starfa sérfræðingar sem leggja mat á áhrif lagafrumvarps. Einkum er um að ræða mat á fjárhags- og jafnréttisáhrifum. Aætlað er að vinnuframlag vegna þessa nemi um 20 hundraðshlutum af fullu stöðugildi.

Í ráðuneytinu starfar sem stendur enginn prófarkalesari sem les yfir lagafrumvörp.

2. *Í hversu miklum mæli byggist vinna við gerð lagafrumvarpa á vegum ráðuneytisins á aðkeyptri vinnu utanaðkomandi sérfræðinga?*

Ráðuneytið hefur á undanförunum árum einkum fengið aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga þegar um hefur verið að ræða frumvörp sem varða stjórn-sýslu sveitarfélaga, ríkisstyrki, málefni fjölmiðla, höfundarétt og vísindamálefni.

3. Hversu mikið greiddi ráðuneytið árlega árin 2008–2017 fyrir vinnu utanaðkomandi sérfræðinga við gerð lagafrumvarpa?

Heiti frumvarps	Aðkeypt vinna
Frumvarp til laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008	273.900
Frumvarp til laga um leikskóla, nr. 90/2008	231.348
Frumvarp til laga um grunnskóla, nr. 91/2008	79.680
Frumvarp til laga um listamannalaun, nr. 57/2009	93.998
Frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum, nr. 73/1972, nr. 93/2010	321.843
Frumvarp til laga um fjölmiðla, nr. 38/2011	523.841
Frumvarp til laga um menningarminjar, nr. 80/2012	91.200
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, breytingalög nr. 54/2013	2.044.585
Frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna	1.437.909
Frumvarp til laga um Menntamálastofnun, nr. 91/2015	193.900
Frumvarp til breytinga á höfundalögum, breytingalög nr. 109/2016, 11/2016, 10/2016 og 9/2016	874.880
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, breytingalög nr. 76/2016	1.890.000
Frumvarp til laga um miðastyrki vegna kvikmyndasýninga, nr. 14/2016	396.563
Frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, breytingalög, nr. 39/2017	303.750
Frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 97/2018	364.500
Frumvarp til laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar og netafnot tónlistar yfir landamæri	800.000
Frumvörp um upplýsinga og tjáningarfrelsi – IMMI	606.631
<b>Samtals kr.</b>	<b>10.528.528</b>